

Ekki segja frá

Ekki segja frá



Arnheiður Borg

Vinnubók

Arnheiður Borg


Skólavefurinn



Kafli 1

Hvað heita tvíburarnir í sögunni?

Lýstu systkinunum með nokkrum orðum



Kafli 2

Af hverju þótti Báru leiðinlegt í skólasundinu?

Hvernig kom Tóta Báru til hjálpar í skólasundinu?

Stríða krakkarnir í þínum bekk einhverjum út af útliti, klæðaburði eða öðru slíku?

Hvernig ætli þeim líði sem strítt er á þann hátt?

Hefur þú komið einhverjum til hjálpar sem er strítt og ef svo, hvernig?

Hverju stakk Viðar upp á að Bára færi að gera?

Frásögn/ leikrit/ leikræn tjáning : Stríðni /áreitni á leikvelli eða í leikfimi (sundi).

Krossaðu í réttan reit.

Bessi og Bára eru ?



- bæði rauðhærð
- hann rauðhærður, hún ljóshærð
- hún rauðhærð, hann ljóshærður

Bára og Bessi

- búa í einbýlishúsi
- búa í blokk
- búa í raðhúsi

Búðu til samsett orð.

Samsett orð eru búin til úr tveimur eða fleiri orðum.

þvottur + vél _____ einbýli + hús _____
laug + dagur _____ skóli + sund _____
hönd + bolti _____ hugur + mynd _____

Þvottavél, laugardagur, handbolti, einbýlishús, skólasund, huggmynd

Í setningunum hér á eftir eru sagnorðin í nútíð.

Breyttu þeim í þátíð.

Nútíð (núna, í dag)	Þátíð (áður, í gær)
Bára lýkur við að borða.	Bára lauk við að borða
Bessi gengur hratt.	
Bára hjálpur til.	
Hún heimsækir Tótu.	
Bára læðist inn.	

Ékk, hjálpaði, heimsótti, læddist

Kafli 3



Fyrir hvað hrósuðu strákarirnir Báru í sundinu ?

Um hvað ásakaði Bessi mömmu þegar hann hafði hlustað á símtal mömmu við vinkonu sína?

Af hverju missti Bára matarlystina og varð leið ?

Af hverju vildi Bára ekki að Tóta sæi mömmu eftir að hún hafði smakkað vín.

Kafli 4



Af hverju ætli Bessi hafi ekki viljað láta Báru sjá sjónvarpsdagsskrána?

Af hverju átti Bára erfitt með að fylgjast með bíómyndinni?

Hvernig var ástand mömmu þegar hún kom heim um nóttina?

Hvernig ætli Báru hafi liðið þegar hún sá hvernig umlits var í eldhúsinu?

Tengdu saman

stríðni	bræði
nærgætni	hryggð
gleði	umhyggja
reiði	ánægja
sorg	áreitni



Finndu andheiti lituðu orðanna.

Orðin hér fyrir neðan eru öll sagnorð. Settu hring utan um stafinn við hliðina á réttu orði og skrifaðu hann í lykilkreitinn hér fyrir neðan. Þá færðu orð sem passar við eina myndina.

1.	koma		2.	loka		3.	liggja	
	byrja	a		opna	l		hoppa	b
	fara	e		skella	k		rúlla	r
	enda	u		skoða	f		standa	d
4.	finna		5.	byrja		6.	vakna	
	týna	h		skrifa	o		sofa	n
	sjá	t		enda	ú		hrjóta	r
	fela	k		hvíla	i		sofna	s



1.	2.	3.	4.	5.	6.
e					



Hvað getum við gert til að gleðja þá sem líður illa?

Kafli 5

Gamli maðurinn á skautunum kom Báru á óvart. Hvernig?



Hvernig aðstoðaði sá gamli Báru og Tótu?

Hvernig hjálpaði Bára til á heimilinu? _____

Að hvaða leyti breyttist mamma eftir að hún hafði drukkið vín?




Að hvaða leyti voru Bessi og Bára ólík í skólanum?

Við hvað/ hvar vann pabbi? _____

Af hverju fékk Bára sting í magann þegar hún talaði við pabba?



Frásögn: Það sem ég er þakklát/ur fyrir.



Skrifaðu orðin sem vantar í eyðurnar. Textinn er efst á bls. 28



_____ mamma vera farin að _____ aftur? Stundum
 fannst henni _____ vera _____ mamma í heimi en svo
 _____ það þegar mamma drakk. Þá _____ hún ekki að
 _____ hennar sæju hana.

Kafli 6

Hvað gerði Bessi í skólanum sem gerði Báru dapra?



Af hverju vorkenndi Bára bróður sínum. Hver hélt hún að væri ástæðan fyrir að hann væri oft reiður?

Af hverju ætli Bára hafi skrökvað að mömmu og sagt að Tóta hefði hringt en ekki Gyða kennari?

Hvers vegna grét Bára inni á baðherberginu?




Út af hverju ætli foreldrar Báru hafi verið ósátt?




Frásögn: Það sem mér finnst ósanngjarnt í tilverunni.


Teiknaðu eða límdu inn mynd af einstaklingi sem er:




gláður



reiður



sorgmæddur



undrandi



Raðaðu eftirfarandi orðum í setningu



tvö betur okkur að verðum bæði við standa

hvernig Bára hjartaræturnar um henni fann hlýnaði



Skrifaðu nafnorðin í réttan dálk.

Stílabók, tár, handklæði, hjartsláttur, rós, dyr, kennari, hár, spegill, skip,
stigapallur, skólataska, dæmi, hjúkrunarfræðingur, frágangur,
frímínútur, högg, reikningsbók

Karlkyn– hann	Kvenkyn– hún	Hvorugkyn– það

Kafli 7

Lýstu fyrstu ferð Báru og Tótu í skíðalyftunni.



Hverja hittu þær stöllur í skíðaferðinni og um hvað ræddu þau?

Hvernig var heimkoman hjá þeim Bessa og Báru? _____



Hvert leitaði Bára eftir aðstoð þegar henni leið illa?

Á hvern hátt gat Tóta komið Báru til hjálpar. _____

Hvað breyttist milli Bessa og Báru eftir að hún kom frá Tótu? _____

Kaflí 7

Krossaðu í réttan reit.

Bára

var mjög góð á skíðum.

aðstoðaði Tótu.

brunaði á skíðunum.

Tóta

fór niður með lyftunni.

aðstoðaði Báru.

datt í brekkunni

strákarnir

vissu heiti s

gáfu þeim e

vildu borða nestið úti.



Finndu samheiti lituðu lýsingarorðanna.

Settu hring utan um stafinn við hliðina á réttu orði og skrifaðu hann í lykilreitinn hér fyrir neðan. Þá færðu orð sem passar við eina myndina.

fyndinn		fljótur		kappsamur	
skrýttinn	r	snar	k	vandvirkur	a
sniðugur	s	klár	l	latur	ó
glaður	m	liðugur	f	ákafur	á
hjálpssamur		vitur		sár	
hlýðinn	u	heppinn	p	gramur	r
duglegur	f	gáfaður	u	reiður	a
greiðvikinn	p	fær	f	afskiptsamur	t



1.	2.	3.	4.	5.	6.
s					



Tóta missti alveg stjórn á sér við mömmu þegar hún kom heim úr skíðaferðinni. Hún skellti hurðum og rauk út. Hvað finnst þér um það?

Kafli 8

Hvernig var samkomulag mömmu og pabba þegar pabbi kom af sjónum?

Hverju höfðu Bára og Bessi áhyggjur af á göngu sinni?



Lýstu vinskap Báru, Tótu, Viðars og Ara.

Hvað sögðu mamma og pabbi við Bára og Bessa þegar þau kölluðu þau til sín?

Af hverju heldurðu að Bára hafi sofnað með bros á vör?



Heldur þú að mamma hafi hætt að drekka eftir meðferðina?



Frásögn: Hvað er hamingja?

Tengdu

Tóta	vildi fá Báru til að æfa sund
Sundþjálfarinn	var vinur Báru og Tótu
Viðar	var reikul í spori
Bára	átti frænda sem var alkóhólisti
Mamma	datt en meiddi sig ekkert á skíðum



Stigbreyttu lýsingarorðin.

Frumstig	Miðstig	Efstastig
kaldur	kaldari	kaldastur
vondur		
dökkur		
góður		
mjúkur		

Flokkaðu eftirfarandi atriði í dálkana hér fyrir neðan eftir því sem þér finnst passa

Tölva, bros, hjól, föt, sælgæti, gleði, vinátta, hamingja, gosdrykkir, foreldrar, samúð, skór, úr, þakklæti, húsgögn, útvarp, bíll, friður, gott veður, tré, hugsanir, sakleysi, bíómiði, heiðarleiki



Það sem hægt er að kaupa	Það sem yfirleitt er ekki hægt að kaupa

